

Anna Bragadóttir  
Þingeyjarsveit  
Kjarna  
650 Laugar

Garðabær, 8. maí 2024  
Málsnúmer: 202403-0071/-0072  
IAS

## Efni: Deiliskipulag Þeistareykjalands og Þeistareykjavirkjunar. Auglýsing tillagna.

Vísað er í tvö erindi frá Þingeyjarsveit, frá 27. mars 2024 í gegnum skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna auglýstra tillagna að deiliskipulagi Þeistareykjalands og Þeistareykjavirkjunar.

Í gildi er deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar í Þingeyjarsveit, sem samþykkt var 8. mars 2012. Í því eru skilgreindar skipulagsforsendur og framkvæmdarammi 200 MW jarðhitavirkjunar. Á skipulaginu hafa verið gerðar sjö breytingar. Þeistareykjavirkjun var gangsett haustið 2017 og eru þar nú tveir gufuhverflar með uppsettu afli 90 MW og orkuvinnslugetu 738 GWh/ár. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir þann hluta Þeistareykjalands sem er utan við skipulagssvæði virkjunarinnar.

Þeistareykjasvæðið hefur opnast almenningi með nýjum heilsársvegi, sem lagður var vegna virkjunarinnar og felur í sér nýja og áhugaverða leið milli Húsavíkur og Mývatnssveitar. Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar telur því nauðsynlegt að móta stefnu um framtíðaruppbyggingu og öryggismál á svæðinu í deiliskipulagi svæðisins. Þar verði gerð grein fyrir áfangastöðum, mannvirkjum fyrir ferðaþjónustu, gönguleiðum og vega- og stígakerfi. Deiliskipulag vegna ferðamennsku og ferðaþjónustu er unnið sem breyting á gildandi deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar en engar breytingar eru gerðar á skipulagsákvæðum og skipulagslínunum virkjunarinnar. Einnig er unnið nýtt deiliskipulag fyrir þann hluta Þeistareykjalands sem er utan marka deiliskipulags virkjunarinnar.

Breytingarnar á deiliskipulagi ná til akvega, göngustíga og gönguleiða, áningarstaða á áhugaverðum stöðum með lágmarksaðstöðu og upplýsingaskiltum, útsýnisstað á Ketilsfjalli og loks megin áningarstað með aðstöðubyggingum fyrir ferðamenn og ferðaþjónustuaðila nyrst í Þeistareykjatúni.

Með gerð deiliskipulagsins verða til deiliskipulagsáætlanir fyrir allt Þeistareykjaland. Það auðveldar ákvarðanatöku og alla málsmeðferð ef og þegar upp koma áform um nýja eða breytta starfsemi eða ný mannvirki innan skipulagssvæðisins sem þá verður fjallað um sem breytingu á deiliskipulagi með málsmeðferð og samráði við umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almenning í samræmi við ákvæði skipulagslaga.


Náttúrufræðistofnun bendir á um er að ræða mjög viðkvæmt svæði þar sem er fjöldi vistkerfa og jarðminja sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Þá eru hellar í Þeistareykjahrauni, aðrir en Togarahellir, friðaðir auk þess sem hluti deiliskipulagssvæðisins er á náttúruminjaskrá, svæði 533, Þeistareykir, og svæði 534, Vítin á Reykjaheiði.



Viðbúið er að ferðamönnum á svæðinu muni fjölga með bættum samgöngum og því er þörf á að byggja upp innviði svæðisins og stýra umferð til að hlífa viðkvæmum svæðum fyrir ágangi. Mikilvægt er að vandað verði til verka og að tekið verði fullt tillit til landslags og þeirra fjölmörgu náttúruminja sem á svæðinu eru.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögurnar og gerir ekki athugasemdir en áskilur sér rétt til frekari athugasemda á seinni stigum málsins.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Ingvar Atli Sigurðsson". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke extending to the right.

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur

